

Aðalfundur Trans Ísland

3. mars 2021

Aðalfundur haldinn á Zoom kl. 20:00

Fundargerð ritar: Bjarndís Helga Tómasdóttir

1. Fundur settur

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, fundarstjóri setur fund: 20:10

Fundinn sitja 12 félagsmenn

2. Starfsfólk fundarins

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, fundarstjóri

Bjarndís Helga Tómasdóttir, fundarritari

3. Lögmæti fundar staðfest

Boðað var til fundarins með lögmætti hætti. Fundur telst því lölegur.

4. Skýrsla stjórnar

Ugla Stefanía, formaður, kynnir ársskýrslu síðasta starfsárs. Vegna Covid-19 hefur verið minna um viðburði en ætlað var en starfið hefur þó alls ekki legið niðri. Ársskýrslan verður sett á netið til lestrar eftir fundinn þar sem hægt er að lesa nánar um starf félagsins síðasta ár og eru öll hvött til að þess.

Stjórn Trans Ísland vill sérstaklega þakka Hinsegin dögum fyrir fjárframlög til minningarsjóðs Blæs, en sjóðurinn styrkir einstaklinga til að greiða fyrir nafnabreytingu hjá Þjóðskrá Íslands.

5. Endurskoðaðir ársreikningar lagðir fram

Sæborg Ninja, gjaldkeri, kynnir ársreikning síðasta árs. Fjármálin standa vel. Trans Ísland fékk peningastyrk og hefur meðlimum nokkuð fjölgað. Nálágast má fjárhagsáætlun á vef.

6. Umræða og atkvæðagreiðsla um skýrslu stjórnar og ársreikninga

Fundarstjóri ber ársreikning og ársskýrslu upp til samþykktar og er hún samþykkt með öllum atkvæðum.

7. Lagabreytingar

Stjórn leggur ekki fram neinar lagabreytingar að þessu sinni.

8. Kosningar formanns, varaformanns, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda

Frambjóðendur kynna sig.

Ugla Stefanía, sitjandi formaður, býður sig aftur fram í formannssætið.

Viima, sitjandi varaformaður, býður sig aftur fram í það sæti.

Andie Sophia býður sig fram í sæti gjaldkera.

Hrafn Sævars býður sig fram í sæti ritara.

Elías Breki sækist eftir endurkjöri í sæti meðstjórnanda.

Sæborg Ninja og Svanhvít kveðja stjórn Trans Íslands að sinni og þakka fundarmeðlimir þeim hjartanlega fyrir störf þeirra.

Gengið er til kosninga en kosið er í gegnum öruggt netkerfi. Öll sem buðu sig fram hlutu kosningu með 100% atkvæða, engir auðir seðlar eða ógildir. Því er fagnað.

9. Kosning eins endurskoðanda skoðunarmanns reikninga

Daníel E. Arnarsson býðir sig fram sem endurskoðanda skoðunarmanns reikninga en hann hefur sinnt því hlutverki undanfarin ár.

10. Samþykkt félagsgjalds

Engar breytingar eru lagðar til. Almennt félagsgjald verði áfram 2500kr en 1000kr fyrir námsmenn, aldraða, öryrkja og önnur sem á þurfa að halda

11. Önnur mál

- Borin er upp spurning hvað varðar kynskráningu innflytjenda. Formaður skýrir stöðu þeirra. Bent er á að gott væri að hafa upplýsingar um þetta á ensku á síðu félagsins.
- Umræða um stöðu trans fólks innan heilbrigðiskerfisins. Stjórn er meðvituð um erfiðleika sem trans fólk mætir í heilbrigðiskerfinu og mun ekki hætta að þrýsta á breytingar og betri þjónustu.

Ekki eru fleiri mál til umræðu.

Fundi slitið 21:04